



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

21. Október 2023

Tillaga til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri.

**19. Október 2023, 327. mál
Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar**

I

Slysavarnafélagið Landsbjörg (kt: 560499-2139) þakkar fyrir tækifærið að fá að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri. Slysavarnafélagið Landsbjörg lýsir ánægju sinni með þingsályktunina og styður hana heilshugar.

II

Föst starfsstöð þyrlu og áhafnar á Akureyri myndi bæta viðbragðstíma þyrlna Landhelgisgæslunnar á landsvísu og auka útkallsöryggi. Viðbragðstími myndi stytta á norðanverðu landinu og auka líkur á að flugfært sé þegar veður eru válynd. Í erfiðum aðstæðum er mikilvægt að sótt sé að vettvangi frá fleiri en einni aðkomuleið.

Mikilvægt er að viðbragðsgeta á landsvísu verði ekki skert vegna fjölgunar starfssvæða Landhelgisgæslunnar. Til þess þarf að tryggja fjármögnun verkefnisins til langframa.

Virðingarfyllt
Slysavarnafélagið Landsbjörg

Kristján Þór Harðarson

Framkvæmdastjóri